JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 86 Nóvember 2001

## *Fréttabréf*



**Árshátíð**

Árshátíð Jöklarannsóknafélagsins verður haldin í Fáksheimilinu 17.nóvember 2001.
Húsið opnar klukkan 19:00

# Árshátíð JÖRFÍ 2001

Árshátíð Jöklarannsóknafélagsins verður haldin í Fáksheimilinu 17. nóvember. Húsið opnar klukkan 19:00 Fordrykkur í boði Grænlandsjökuls. Góður matur og guðaveigar. Hljómsveitin Tvennir tímar heldur uppi fjörinu.

Miðaverð kr. 3900. Miðar seldir hjá:
Þórdísi (Dísu) á Raunvísindastofnun s.525-5862 Ástvaldi (Valda rakara) s. 568-6312
Valgerði s.899-9340

MÆTUM ÖLL
Nefndin

**KYNNING Á NÝJU ESJUFJALLAHÚSI**

Á árshátíðardaginn kl. 13-15, verður nýja Esjufjallahúsið sem nú er í smíðum, til sýnis fyrir félagsmenn. Unnið er að smíðinni í portinu bakvið Reykjavíkurveg 64 í Hafnarfirði. Húsið er svipað þeim sem eru í Esjufjöllum, við Fjallkirkju og á Goðahnúkum en nokkru stærra og munar þar einkum um mun stærra anddyri. Stefnt er á að flytja húsið fullbúið í Esjufjöll um páskana næstu. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á staðinn og sjá húsið með eigin augum og komast þannig í hátíðarskap fyrir kvöldið.

Nefndin

**Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen**